




Öryggis- og heilbrigðisáætlun Reykjavíkurborgar 2024-2029

Skóla- og frístundasvið
Breiðholtsskóli




Reykjavík



Efnisyfirlit

Inngangur	3
Öryggisstefna Reykjavíkurborgar	4
EKKO stefna Reykjavíkurborgar	5
Aðrar stefnur sem styðja við vinnuvernd og öryggi	5
Áætlun í daglegri starfsemi og skipulagðar forvarnir	5
Samantekt yfir vinnuslys og önnur atvik	6
Endurskoðun áætlunar	6
Reglubundið mat á virkni áætlunar	6
Virkni áætlunarinnar er metin árlega á sameiginlegum fundi stjórnenda og vinnuverndarfulltrúa á staðnum	6
Ráðstafanir til skyndihjálpar, rýmingu og slökkvistarfs	6
Starfsstaðir sem heyra undir Reykjavíkurborg eiga að vera með virka rýmingar- og björgunaráætlun.	6
Aðgengi að áætlun	7
Áhættumat	8
Áhættumat og öryggisáætlun	9
Viðbrögð við ofbeldi eða ógn	10
Úttekt á starfsumhverfi	10
Úttekt á sálfélagslegu vinnuumhverfi	11
Úrbótaáætlun	12
Vinnuverndarhandbók	13
Reykjavíkurborg er einn vinnustaður	14
Aðferð	15
Öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður Breiðholtsskóla	15
Úrbótaáætlun, vinnuumhverfisvísar og sálfélagslegt mat	16




Inngangur

Öllum vinnustöðum er skylt að gera öryggis- og heilbrigðisáætlun og skal hún byggja á áhættumati skv. 1.mgr. 65.gr., lög nr. 46/1980 um hollustu, aðbúnað og öryggi á vinnustöðum. Reykjavíkurborg samræmir gerð öryggis- og heilbrigðisáætlana fyrir alla starfsstaði sína og er þessi áætlun liður í þeirri vinnu. Tilgangurinn með öryggis- og heilbrigðisáætlun er að reyna að tryggja starfsfólki öruggara og heilbrigðara starfsumhverfi. Áætlunin á að stuðla að öruggari framkvæmd vinnu og þjónar sem stjórnæki fyrir öryggis- og heilbrigðismál á starfsstöðum. Henni er einnig ætlað að fækka áhættu-þáttum í störfum starfsfólks og benda á mögulegar úrbætur. Öryggis- og heilbrigðisáætlun þessa skal uppfæra jafnt og þétt yfir tímann þegar og ef stærri breytingar verða á skipulagi vinnustaðarins, verkum og aðstæðum. Áætlunina skal endurskoða í heild sinni a.m.k. á fimm ára fresti.

Framtíðasýn

Að starfsumhverfið sé til þess fallið að vernda andlegt og líkamlegt öryggi starfsfólks með virku forvarnarstarfi og markvissum viðbrögðum




Öryggisstefna Reykjavíkurborgar

Öryggisstefna Reykjavíkur var samþykkt af Borgarráði 7. apríl 2022 og eru meginmarkmið stefnunnar eftirfarandi:

- Virkt öryggisstjórnunarkerfi þar sem skilgreind er ábyrgð og hlutverk í vinnuvernd hjá borginni þannig að allir hlutar hennar hafi viðeigandi mönnun öryggisnefnda, öryggisvarða og öryggistrúnaðarmanna.
- Áætlanir um öryggi og heilbrigði gerðar fyrir alla starfstöðvar Reykjavíkurborgar í þeim tilgangi að draga úr áhættum.
- Miðlæg slysa- og atvikaskráning - öll atvik og slys skráð á starfsstöðum og skilgreind viðbrögð og úrbætur fyrir hverja áhættu samkvæmt áhættumati.
- Forvarnir og viðbrögð vegna ofbeldis gegn starfsfólki - mótuð og innleidd áætlun um forvarnir og viðbrögð vegna ofbeldis gegn starfsfólki á starfsstöðum borgarinnar.

Þetta eru allt aðgerðir sem hafa það að markmiði að fyrirbyggja eða draga úr hættu á atvinnutengdu heilsutjóni og slysum og stuðla að vellíðan starfsfólks, eða aðgerðir sem miða að því að draga úr tjóni hafi orðið slys eða óhapp





EKKO stefna Reykjavíkurborgar

EKKO (einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi) stefna Reykjavíkurborgar var samþykkt í borgarráði 11. júlí 2024 og eru megin markmið stefnunnar eftirfarandi:

- Sálfélagslegt áhættumat á störfum innan borgarinnar í samræmi við kröfur í lögum og reglugerðum.
- Forvarnir og fræðsla varðandi EKKO, með áætlunum og eftirfylgni.
- Fagleg viðbrögð við kvörtunum og tilkynningum sem berast varðandi mögulegt EKKO í starfsumhverfi.

Þetta eru allt aðgerðir sem eru mikilvægar til að koma í veg fyrir EKKO hjá borginni. Reykjavíkurborg leitast við að vernda andlegt og líkamlegt öryggi starfsfólks með virku forvarnarstarfi og markvissum viðbrögðum við EKKO. Breiðholtsskóli vinnur eftir EKKO stefnu borgarinnar sem tekur á einelt og kynbundnu- og kynferðislegu ofbeldi gagnvart starfsmönnum. Ef upp kemur mál, þá er teymi hjá Skóla - og frístundasviði sem aðstoðar skólann við úrvinnslu mála. Einnig er til staðar hjá sviðinu stuðnings- og ráðgjafateymi sem starfsmenn geta leitað til.

Aðrar stefnur sem styðja við vinnuvernd og öryggi

Auk öryggisstefnunnar eru aðrar stefnur hjá Reykjavíkurborg sem stuðla einnig að öruggu starfsumhverfi eins og:

- [Mannauðsstefna Reykjavíkurborgar](#)
- [Fræðslustefna Reykjavíkurborgar](#)
- [Heilsustefna Reykjavíkurborgar](#)
- [Viðverustefna Reykjavíkurborgar](#)
- [Jafnlaunastefna Reykjavíkurborgar](#)
- [Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar](#)

Áætlun í daglegri starfsemi og skipulagðar forvarnir

Reykjavíkurborg vill stuðla að því að skapa öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi fyrir starfsfólk sitt. Það er gert meðal annars með skipulögðum forvörnum s.s.. Stjórnendur eiga að leiða vinnuverndarstarfið með skýrum skilaboðum um að öryggi og vellíðan starfsfólks sé í forgangi við öll verk.

- Net öryggisvarða og öryggistrúnaðarmanna sem eru upplýst um hlutverk sín og ábyrgð og öryggisnefnd þegar við á (s.s. starfsstaður með starfsmannafjölda yfir 50 manns).
- Á hverju fagssviði er öryggisnefnd sem á fulltrúa í miðlægri öryggisnefnd Reykjavíkurborgar.
- Reykjavíkurborg heldur námskeið fyrir öryggisverði og öryggistrúnaðarmenn.

- Öryggisverðir og öryggistrúnaðarmenn hafa aðgang að Engage-hópi þar sem finna má upplýsingar tengdar vinnuvernd hjá Reykjavíkurborg.
- Öryggisverðir og öryggistrúnaðarmenn koma reglulega saman til skrafs og ráðagerða, s.s. á ráðstefnum og vinnufundum.
- Á Torginu, fræðslukerfi Reykjavíkurborgar, má finna ýmsar fræðslur tengdum vinnuvernd sem og á Fróða, sem er upplýsingasíða fyrir allt starfsfólk borgarinnar.
- Starfsstaðir hafa aðgang að sérfræðingum Reykjavíkavíkurborgar í vinnuvernd- og öryggisstjórnun ef þörf er á frekari leiðbeiningum um það málefni.
- EKKO teymi eru starfandi á flestum sviðum og sinna ráðgjöf, eftirfylgd og könnun mála.
- Miðlæg EKKO nefnd sem skipuð er formönnum EKKO teyma sviða. Hún vinnur með EKKO teyminum á fag- og kjarnasviðum og kemur að þróun og samræmingu verklags og þjálfun könnunaraðila.

Samantekt yfir vinnuslys og önnur atvik

Búið er að opna nýja þjónustugátt hjá Reykjavíkurborg er nefnist Askur - atvikaskráning. Þar er hægt að skrá upplýsingar um atvik sem varða öryggi í starfsemi skólans.

Starfsmönnum hafa verið upplýstir um ASK-atvikaskráningar kerfið og er þegar byrjað að nota það innan skólans.

Endurskoðun áætlunar

Öryggis- og heilbrigðisáætlun þessa skal endurskoða ef:

- Breytingar verða í hópi stjórnenda og starfsfólks.
- Starfsemi er flutt á annan stað eða verulegar breytingar eru gerðar á húsnæði.
- Atvik eða vinnuslys verður.
- Ný þekking, tækni og/eða nýr búnaður er tekinn í notkun eða búnaði er breytt.
- Atvinnutengdur sjúkdómur eða atvinnusjúkdómur koma upp.

Reglubundið mat á virkni áætlunar

Virkni áætlunarinnar er metin árlega á sameiginlegum fundi stjórnenda og vinnuverndarfulltrúa á staðnum.

Ráðstafanir til skyndihjálp, rýmingu og slökkvistarfs


Starfsstaðir sem heyra undir Reykjavíkurborg eiga að vera með virka rýmingar- og björgunaráætlun.

- Breiðholtsskóli er með virka áætlun um viðbrögð við eldsvoða eða hættustandi. Leiðbeiningar hanga uppi og eru brunaæfingar á hverju skólaári.
- Breiðholtsskóli lætur yfirfara árlega alla reykskynjara og slökkvitæki.
- Skyndihjálparbúnaður er miðlægt á skrifstofu skólans og eldhúsi. Auk þess sem víða í kennslustofum eru m.a. plástrar fyrir smá sár.

Aðgengi að áætlun

Öryggis- og heilbrigðisáætlun þessi á að vera aðgengileg öllu starfsfólki borgarinnar.

- Þessi áætlun er aðgengileg rafrænt fyrir stjórnendur, öryggistrúnaðarmenn, öryggisvörð og trúnaðarmenn starfsfólks skólans.
- Þessi áætlun er kynnt árlega á fundi með starfsmönnum og er aðgengileg í sameiginlegu rými.



Áhættumat

Áhættumat tekur til flestra þátta í starfi starfsfólks og hefur að markmiði að greina hvaða þættir það eru sem líklegast þykir að ógnun muni beinast að. Stuðst er við fimm áhættuflokka vinnuverndar; umhverfi, sálfélagslegt, stoðkerfi, efni og efnanotkun og vélar og tæki. Þessi vinna tekur til áhættugreiningu starfa, úttekta á starfsumhverfi hvort eð er á húsnæði, vinnuumhverfi og sálfélagslegu vinnuumhverfi og að lokum útbótaáætlun þar sem gerðar eru umbætur á vinnuumhverfi starfsfólks borgarinnar. Áhættumat á að endurskoða reglulega og sérstaklega þegar stórar breytingar verða. Á mynd hér að neðan má sjá hvað innifelst í áhættumati:



Áhættumat og öryggisáætlun

Markmið áhættumats starfa í grunnskólum er að greina hættur í starfi, meta líkur og afleiðingar, skilgreina viðbrögð og forvarnir og tryggja öryggi nemenda og starfsfólks. Þessi tafla er í samræmi við reglugerð nr. 920/2006. Inniheldur litakóðað áhættumat, ábyrgð og viðbragðsáætlun við ofbeldi og ógn.

Áhætta	Starf	Líkur	Afleiðingar	Áhættustig	Aðgerðir	Ábyrgð	Tími
Álag á starfsfólk	Kennarar/starfsm.	Miðlungs	Miklar	RAUTT	Stuðningur, verkaskipting	Skólastjórar	
Ofbeldi/ógnun	Kennarar/Stuðn.	Miðlungs	Miðlungs	GULT	Viðbragðsáætlun	Stjórnendur	
Einelti	Kennarar/Stuðn.	Miðlungs	Miklar	RAUTT	Eineltisáætlun, snemmtæk inngrip	Stjórnendur	
Hegðunarvandi	Kennarar/Stuðn.	Miðlungs	Miklar	RAUTT	Verkferlar	Stjórnendur	
Fall/slys á skólalóð	Viðhald fasteigna	Miðlungs	Miðlungs	GULT	Reglulegt eftirlit, háلكuvarnir	Stjórnendur	
Líkamlegt álag	Stuðningsfulltrúar	Miklar	Miklar	RAUTT	Fræðsla	Stjórnendur	3 mán
Raddálag	Kennarar	Miklar	Miðlungs	GULT	Hljóðvist	Stjórnendur	6 mán
Hálka	Ræsting	Miklar	Miklar	RAUTT	Skilti	Stjórnendur	
Efni	Ræsting	Miðlungs	Miðlungs	GULT	Hlíðarbúnaður	Stjórnendur	1-3 mán
Slys í íþróttum	Kennarar	Miðlungs	Miðlungs	GULT	Þjálfað eftirlit, öryggisreglur	Stjórnendur	
Eldsvoði	Viðhald fasteigna	Miðlungs	Miðlungs	GULT	Rýmingaráætlun, brunavarnir	Stjórnendur	
Smit (inflúensa o.fl.)	Ræsting/deildarstj.	Miðlungs	Miðlungs	GULT	Hreinlætisaðgerðir	Stjórnendur	
Ofnæmi nemenda	Deildarstjórar	Miðlungs	Miðlungs	GULT	Skráning og viðbragðsáætlun	Stjórnendur	
Brunaslys	Eldhús	Miðlungs	Miklar	RAUTT	Þjálfun	Yfirmatreiðslumaður	
Skurðir	Eldhús	Miðlungs	Miklar	RAUTT	Verklag	Yfirmatreiðslumaður	
Smit	Allir	Miðlungs	Miðlungs	GULT	Hreinlæti	Allir	

Ábyrgð

- Skólastjóri og staðgengill eftir atvikum, bera ábyrgð á heildstýringunni.
- Deildarstjórar sjá um framkvæmd á sínu sviði
- Allt starfsfólk ber ábyrgð á að tilkynna hættur

Viðbrögð við ofbeldi eða ógn

- Stöðva aðstæður strax og tryggja öryggi
- Leita aðstoðar samstarfsfólks eða stjórnenda
- Skrá atvik í atvikaskrá – Ask
- Tilkynna alvarleg tilvik til stjórnenda
- Veita starfsfólki stuðning eftir atvik (viðtal/eftirfylgni)
- Endurskoða verklag ef þörf krefur

Úttekt á starfsumhverfi

Úttekt á líkamlegu starfsumhverfi unnin í samræmi við vinnuvernd og reglugerð nr. 920/2006. Nær til allra starfshópa innan skólans.

Þáttur	Staða	Áhættustig	Lýsing	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarammi
Vinnuaðstaða/húsnæði	Góð	GRÆNT	Almennt góð aðstaða	Viðhalda	Stjórnendur	Stöðugt
Lýsing	Misjöfn	GULT	Nokkur rými eftir að skipta um lýsingu	Bæta lýsingu	Skólastjóri	3-6 mán
Hávaði	Mikill	RAUTT	Matsalur og bekkir	Hljóðvistaraðgerðir	Stjórnendur	Strax
Loftgæði	Nokkuð góð	GRÆNT	Tvö rými eftir sem þarfnast skoðunar	Loftræsting	Viðhald	3 mán
Rými og aðgengi	Nokkuð góð	GRÆNT	Vinnurými – unnið er að endurhönnun	Endurskipulag	Stjórnendur	6 mán
Öryggi (hálsa o.fl.)	Áhætta til staðar	GULT	Hálka í göngum	Verklag og skilti	Stjórnendur	Strax

Mat á vinnuaðstöðu

Er vinnuaðstaða aðlöguð að þörfum starfsfólks? Er aðgengi gott að búnaði og kennslurýmum? Eru vinnustellingar viðeigandi?

- Aðgerðir - Unnið er að skipta úr eldri skrifborðum í ný upphækkanleg – bætt var við fleiri kollum á hjólum til kennslu.

Eftirfylgni

Úttekt skal endurskoðuð reglulega og umbætur fylgt eftir samkvæmt áætlun.

Úttekt á sálfélagslegu vinnuumhverfi

Úttektin er unnin í samræmi við vinnuverndarkröfur og tekur til alls starfsfólks. Inniheldur litakóðað mat, ábyrgð og aðgerðir.

Þáttur	Staða	Áhættustig	Lýsing	Aðgerðir	Ábyrgð	Tímarammi
Vinnuálag	Mikið	RAUTT	Mikil tímapressa	Endurskipulag	Skólastjóri	Strax
Stuðningur	Misjafn	GULT	Misræmi í stuðningi	Þjálfun stjórnenda	Deildarstjóri	3 mán
Samskipti	Góð	GRÆNT	Jákvæð menning	Viðhalda	Allir	Stöðugt
Áreiti/ofbeldi	Til staðar	RAUTT	Álag vegna hegðunar nemenda	Verkferlar	Stjórnendur	Strax
Kulnun	Aukin hætta	RAUTT	Merki um streitu	Streitustjórnun	Stjórnendur	1-3 mán

Spurningalisti fyrir starfsfólk

Metið á skalanum 1–5:

- Ég upplifi viðráðanlegt vinnuálag
- Ég fæ nægan stuðning frá stjórnendum
- Samskipti á vinnustað eru góð
- Ég upplifi öryggi í starfi
- Ég næ góðu jafnvægi milli vinnu og einkalífs

Eftirfylgni

Endurskoða árlega, kynna niðurstöður og úrbætur.

Úrbótaáætlun

Áætlunin byggir á niðurstöðum áhættumats, úttektar á starfsumhverfi og sálfélagslegu vinnuumhverfi. Markmið er að draga úr áhættu og bæta öryggi og líðan starfsfólks.

Vandamál / áhætta	Aðgerð	Forgangur	Ábyrgð	Tímarammi	Staða	Athugasemdir
Mikið vinnuálag	Endurskipuleggja verkefni og álag	Hátt	Skólastjórar	Strax	Óhafið	
Hávaði í kennslurýmum	Bæta hljóðvist	Hátt	Stjórnendur	3-6 mán	Í vinnslu	
Hegðunarvandi nemenda	Setja skýra verkferla	Hátt	Deildarstjóri	Strax	Óhafið	
Líkamlegt álag (stuðningsfulltrúar)	Fræðsla og hjálpartæki	Hátt	Stjórnendur	1-3 mán	Óhafið	
Hálka (ræsting/eldhús)	Viðvörunarskilti og verklag	Hátt	Stjórnendur	Strax	Í vinnslu	
Stuðningur við starfsfólk	Auka leiðsögn og fundi	Miðlungs	Stjórnendur	3 mán	Óhafið	
Loftgæði	Yfirfara loftræstingu	Miðlungs	Viðhald	3-6 mán	Hafið	Langt komið

Eftirfylgni og endurskoðun

Fylgst er reglulega með framgangi úrbóta. Áætlunin er endurskoðuð að minnsta kosti árlega og uppfærð eftir þörfum.

Vinnuverndarhandbók

Handbókin sameinar öll helstu vinnuverndarskjöl skólans í eitt heildstætt kerfi í samræmi við reglugerð nr.

920/2006. Markmið hennar er að tryggja öryggi, heilsu og vellíðan starfsfólks.

1. Skipulag vinnuverndar

- Skólastjóri ber meginábyrgð
- Deildarstjórar og stjórnendur fylgja eftir
- Öryggistrúnaðarmenn taka þátt í samráði
- Starfsfólk tekur virkan þátt

2. Áhættumat

Áhættumat nær til allra starfshópa: kennara, stuðningsfulltrúa, skólaliða og eldhúss.

Helstu áhættur: álag, hegðunarvandi, hávaði, efni, hálka, brunaslys.

3. Sálfélagslegt vinnuumhverfi

Metnir þættir:

- Vinnuálag
- Stuðningur
- Samskipti
- Áreiti og ofbeldi
- Kulnun

4. Starfsumhverfi

Metið er:

- Lýsing
- Loftgæði
- Hávaði
- Húsnæði og rými
- Öryggi

5. Öryggisáætlun

Skýr viðbrögð við slysum, hættu og neyðartilvikum.

6. Viðbrögð við ofbeldi og ógn

- Tryggja öryggi strax
- Kalla eftir aðstoð
- Skrá atvik
- Veita stuðning

7. Úrbótaáætlun

Úrbætur eru skráðar með ábyrgð og tímaramma og fylgt eftir reglulega.


Eftirfylgni


Handbókin er endurskoðuð árlega og kynnt starfsfólki.

Reykjavíkurborg er einn vinnustaður

Reykjavíkurborg er stór vinnustaður og sem skiptist niður í svið, fagskrifstofur og starfsstaði.

Hjá borginni starfa um 11.000 einstaklingar á yfir 375 starfsstöðum. Öryggis- og heilbrigðisáætlun þessi horfir á Reykjavíkurborg frá fjórum sjónarhornum; Reykjavíkurborg í heild er ysta lagið, hin skiptast niður í sviðin, fagskrifstofur og starfsstaði sem reknir eru af Reykjavíkurborg. Mismunandi áherslur eru frá hverju sjónarhorni eins og sjá má á myndinni hér að neðan:





Aðferð

Leitað er til öryggisvarða, öryggistrúnaðarmanna og stjórnenda við gerð áhættumats, en fjöldi starfsfólks Reykjavíkurborgar kemur einnig að áhættumatsvinnunni. Stór hluti starfsfólks borgarinnar tekur þátt í að svara viðhorfskönnuninni Stofnun ársins þar sem spurt er út í ýmsa þættir er tengjast vinnuumhverfi og öryggi. Öryggisverðir og öryggistrúnaðarmenn ásamt fjölmörgum stjórnendum og öðru starfsfólki taka þátt í úttekt á starfsumhverfi í starfsemi Reykjavíkurborgar.

Á annað hundrað öryggisverðir, öryggistrúnaðarmenn og annað starfsfólk tók þátt í áhættugreiningu starfa þar sem farið var kerfisbundið yfir áhættuþætti í starfsumhverfi. Notast var við úttektarlista þar sem starfsumhverfi var yfirfarið, hvort sem er rafrænt eða á pappír. Niðurstöður úr Stofnun ársins rýndar hvað varðar sálfélagslegt vinnuumhverfi. Úrbótaáætlun var unnin í kjölfarið út frá þeim þáttum er upp komu í úttektinni. Tímasett áætlun um forvarnir- og úrbótaáætlun má finna hér í lok skjals.



Öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður Breiðholtsskóla

Í Breiðholtsskóla eru um 360 nemendur frá 1. -10. b. og í skólanum er einnig íslenskuver fyrir nemendur af erlendum uppruna. Heildar starfsmannafjöldi er 85 manns. Í skólanum er starfandi öryggisnefnd:

- Öryggisvörður: Páll Línberg Sigurðsson, pall.lingberg.sigurdsson@reykjavik.is
- Öryggisfulltrúi: Kolbrún Ósk Albertsdóttir, kolbrun.osk.albertsdottir@reykjavik.is
- Skólastjóri: Ásta Bjarney Elíasdóttir, asta.bjarney.eliasdottir@reykjavik.is
- Öryggistrúnaðarmaður starfsmanna: Birna Gunnlaugsdóttir, birna.gunnlaugsdottir@reykjavik.is
- Trúnaðarmaður starfsm. í Sameyki: Vigdís Ósk Óskarsdóttir, vigdis.osk.oskarsdottir@reykjavik.is

Úrbótaáætlun, vinnuumhverfisvísar og sálfélagslegt mat

Í Breiðholtsskóla hefur verið stuðst við vinnuumhverfisvísa og gátlista frá Vinnueftirliti og Reykjavíkurborg. Unnar hafa verið umbótaáætlanir og þeim fylgt eftir eins og kostur er. Reglulega er farið yfir áætlanirnar og þær uppfærðar. Varðandi mat á sálfélagslegum þáttum, þá er annars vegar stuðst við gátlista og hins vegar starfsmannakönnun (Stofnun ársins) sem lögð er fyrir alla starfsmenn borgarinnar. Hluti hennar snýr að sálfélagslegum þáttum og gefa niðurstöður vísbendingar um stöðuna. Þær eru kynntar á starfsmannafundi og vísbendingar settar í farveg ef þörf er á.

Umbótaþáttur	Aðgerðir til umbóta	Staða umbóta í júní 2026	Áætluð lok umbóta
Bæta hljóðvist í matsal og á göngum	Skipta um gólfefni í matsal Skipta út loftaplötum á göngum	Ólokið Ólokið	Á bið Á bið
Kanna hvort starfsmenn kunni á handslökkvitæki	Kenna starfsmönnum á tækin	Ólokið	Ágúst 2026
Allir í öryggisnefnd sæki námskeið um vinnuvernd	Bóka á næsta lausa námskeið	Ólokið	Ágúst/sept 2026
Skýr öryggisáætlun	Fara yfir áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað, auk öryggishandbókar með efni	Í vinnslu	Ágúst 2026
Meta áhættur á vinnustaðnum	Fara yfir áhættumat út frá vinnuumhverfisvísinum og gera aðgerðaraáætlun	Í vinnslu	Júní 2026
Að starfsfólk fái þjálfun við líkamsbeitingu	Fá námskeið um líkamsbeitingu starfsmanna	Ólokið	Ágúst 2026
Þjálfar starfsfólk við notkun tækja s.s. sög í smíðastofu	Starfsmenn sem þurfa sæki námskeið um viðeigandi tæki áður en þeir nota það	Ólokið	Ágúst 2026

